



ÍÞRÓTTABANDALAG  
REYKJAVÍKUR

# GJAFABRÉF

Gjafabréf Íþróttabandalags Reykjavíkur er hægt að kaupa á vefnum reykjaviksport.is. Gjafabréfin gilda sem greiðsla uppí þáttökugjald í eftirfarandi viðburði á vegum Íþróttabandalagsins:

- Norðurljósahlaup Orkusölnunnar
- Miðnæturhlaup Suzuki
- Laugavegshlaupið
- Reykjavíkurmaraðon Íslandsbanka
- Tour of Reykjavik

## SKILMÁLAR GJAFABRÉFA

Gjafabréfið gildir sem greiðsla og er notað við skráningu í viðburði Íþróttabandalags Reykjavíkur á reykjaviksport.is. Aðeins er hægt að nota gjafabréfið við skráningu á netinu, ekki á skráningarhátíð eða þeim degi sem viðburðurinn fer fram.

Gjafabréfið gildir í fjögur ár frá útgáfudegi.

Sé virði gjafabréfsins hærra en þáttökugjaldið er hægt að nýta það síðar, innan gildistímans.

Ef þáttökugjaldið er hærra en gjafabréfið greiðist mismunurinn með greiðslukorti.

EKKI er hægt að fá gjafabréf endurgreidd.

## LEIÐBEININGAR UM KAUP Á GJAFABRÉFI

Við kaup á gjafabréfi þarf að skrá nafn og netfang kaupanda. Velja þarf upphæð og fjölda gjafabréfa. Einnig þarf að velja mynd sem á að prýða gjafabréfið og er hægt að velja úr nokkrum mismunandi myndum úr viðburðunum.

Í boði er að greiða með greiðslukorti (kredit eða debet). Jafnframt býðst val um að kaupa fleiri gjafabréf, t.d. með annarri upphæð og mynd, áður en greiðsla fer fram.

Eftir að greiðsla hefur farið fram berst kaupanda tölvupóstur þar sem kemur fram nafn kaupanda, kennitala, veflykill og útgáfudagsetning. Í viðhengi fylgir með gjafabréf til útprentunar.

Handhafi gjafabréfsins fær val um að greiða með gjafabréfi þegar hann skráir sig í viðburð á vegum Íþróttabandalagsins. Hann slær inn veflykil og upphæð þáttökugjalds lækkar sem gjafabréfinu nemur. Sé gjafabréfið ekki fullnýtt má nota það aftur við skráningu í viðburð innan gildistímans. Hægt er að skoða stöðuna á gjafabréfinu hér:

<https://skraning.marathon.is/pages/uppflettinggjafabrefs/>